

Alþingi
Erindi nr. P 143/1637
komudagur 16.4.2014

16.4.2014

Undirritaður geri eftirfarandi athugasemd við frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána (höfuðstólslækkun húsnæðislána), 485. mál.

3gr. 1mgr. Bæta skuli við að leiðréttinginn nái einnig til lána sem tekin voru af kaupendum búsetrétta til að fjármagna kaup á réttinum.

Í 3gr. 3mgr. eru húsnæðissamvinnufélög undanskilinn. Legg til að svo sé ekki og málsgreinin fjarlægð. Vísa til jafnræðisreglu og tel rétt að höfuðstólslækkun nái einnig til húsnæðissamvinnufélaga enda húsnæðislán félaganna beintengt greiðslum búseturétthafa. Búseturéttur er ákveðin tegund af séreign, veitir rétt til vaxtabóta sé um almenn lán að ræða, er óuppsegjanlegur af félagi og er aðfararhæf eign búseturétthafans. Húsnæðissamvinnufélögin eru rekin á hagnaðarsjónarmiða og greiða ekki arð. Leiðrétting til handa félaganna myndi skila sér til íbúa með lækkun greiðslu í framhaldi af lækkun höfuðstóls.

Með Kveðju

Gísli Örn Bjarnhéðinsson
Framkvæmdastjóri / CEO

Búseti hsf. / Cooperative Housing
Síðumúli 10
IS-108 Reykjavík
Iceland